# Stjórnarskrármáli, tillögur 18. september 1952

Bjarni Benediktsson – Stjórnarskrármáli - Tillögur 18. september 1952

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-9, Örk 8

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Trúnaðarmál.

I. **Aðferð við stjórnarskrárbreytingu.**

1. **Aðalltillaga:**

Samþykkt tveggja þinga með kosningum á milli síðan ~~fram~~borið undir þjóðaratkvæði og ræður afl atkvæða.

2. **Varatillaga.**

Þjóðfundur, sem skipaður sé öllum alþingismönnum og jafnmörgum fulltrúum kosnum sérstaklega.

Stjórnarskrárbreytingar, sem þjóðfundur samþykkir, skulu bornar undir þjóðaratkvæði. Til samþykktar séu gerðar strangari kröfur um þáttöku og ef til vill að jáatkvæði séu viss hlutfallstala af tölu kosningabærra manna.

II. **Kjördæmaskipun** og tilhögun kosninga til Alþingis og gildi einnig um tilnefning þjóðfundarmanna, ef til kemur.

1. **Aðalltillaga.**

Grundvöllur: Jafn kosningarréttur allra kosningabærra manna.

Þingmannatala svipuð og nú, en nokkru færri, ef deildaskipting yrði afnumin.

Landinu skift í 11 kjördæmi, sem jafnast að fólkstölu eftir því, sem unnt er, vegna staðhátta. Þingmenn 4 - 6 í hverju kjördæmi. Hlutfallskosning.

Uppbótarsæti til jöfnunar milli stjórnmálaflokka, til þess að Alþingi verði skipað í réttu hlutfalli við atkvæðismagn flokkanna.

2. **Varatillaga.**

Landinu skift í 11 kjördæmi með hlutfallskosningum, eins og segir undir II.1, en uppbótarsætum sleppt.

3. **Önnur varatillaga.**

Landinu skift í ca. 11 kjördæmi og hafi hvert kjördæmi eigi færri þingmenn en sá landshluti hefur nú, en fjölgað verði þingmönnum á fjölmennustu stöðum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ**

Reykjavik, 6. maí 1952.

Hér með tilkynnist yður, hæstvirtur ráðherra, að Halldór Kristjánsson hefur sagt af sér störfum í stjórnarskrárnefnd, en Karl Kristjánsson, alþingismaður, mun taka sæti hans í nefndinni fyrst um sinn.

Steingr. Steinþórsson

Bjarni Thorlacius

Herra utanríkis-og dómsmálaráðherra
B j a r n i   B e n e d i k t s s o n,
Reykjavík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Dæmi III

Ef Reykjavík væri 17 kjördæmi (sbr. II.dæmi) og landinu að öðru leyti skift sem jafnast í 35 kjördæmi á sama grundvelli og í dæmi I (Tala kjósenda á kjördæmi utan Reykjavíkur væri þá til jafnaðar 1.425) mætti hugsa sér þá skiptingu þannig:

| "Kjördæmi" | Kjósendatala 1949 | Tala kjördæma |
|---|---|---|
| Reykjavík ............................... | 32.606 | 17 |
| Hafnarfjörður ......................... | 2.832 | 2 |
| Keflavík ásamt Njarðvíkurhr. ........... | 1.431 | 1 |
| Hveragerðis-, Ölfus- og Selvogshr. í Árnessýslu og Grindavíkur-, Hafna-, Miðnes- og Gerðahr. í Gullbringusýslu ..... | 1.446 | 1 |
| Vatnsleysustr.-, Garða-, Bessastaðahr. í Gullbr. og Kópavogs- og Seltjarnarneshr. í Kjósars. ......................... | 1.470 | 1 |
| Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhr. í Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýsla ...... | 1.334 | 1 |
| Akraneskaupstaður ..................... | 1.422 | 1 |
| Mýrasýsla og Kolbeinsst.-, Eyja-, Miklaholts- og Staðarsveit í Snæfellsnessýslu | 1.407 | 1 |
| Snæfellsnessýsla nema Hnappadalur og Staðarsveit .......................... | 1.424 | 1 |
| Dalasýsla, Austur-Barðastr.sýsla og Barðastrandar- og Rauðasandshr. ........... | 1.427 | 1 |
| Patreks-, Tálknafj.-, Dala- og Suðurfj.hr. í Barðastrandarsýslu ásamt Auðkúlu-, Þingeyrar- og Mýrahr. í Vestur-Ísafjarðars. . | 1.424 | 1 |
| Mosvalla-, Flateyrar- og Suðureyrarhr. í V-Ísafjarðars.ásamt Hóls-, Eyrar- og Súðavíkurhr. í N-Ísafjarðarsýslu ............. | 1.409 | 1 |
| Ísafjarðarkaupstaður .................. | 1.573 | 1 |
| Strandasýsla og N-Ísafjarðarsýsla, nema Hóls-, Eyrar- og Súðavíkurhr. .......... | 1.377 | 1 |
| Vestur-Húnavatnssýsla ásamt Ás-, Sveinsstaða-, Torfalækjar-, Blönduós- og Svínavatnshr. ............................ | 1.441 | 1 |
| Bólstaðarhlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Höfða- og Skagahr. í Austur-Húnavatnss. ásamt Skefilsstaða-, Skarðshr. og Sauðárkróki ................................. | 1.409 | 1 |
| Skagafjarðarsýsla, nema Skefilsstaða-, Skarðshr. og Sauðárkrókur ............. | 1.490 | 1 |
| Siglufjörður .......................... | 1.774 | 1 |
| Ólafsfjörður og Grímseyjar-, Hríseyjar-, Dalvíkur- og Svarfaðardalshr.í Eyjafirði | 1.437 | 1 |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| "Kjördæmi" (frh.) | Kjósendatala 1949 | Tala kjördæma |
|---|---|---|
| Árskógs-, Arnarnes-, Skriðu-, Öxnadals-, Glæsibæjar-, Hrafnagils- og Saurbæjarhr. í Eyjafirði ......................... | 1.436 | 1 |
| Akureyri ............................ | 4.078 | 3 |
| Öngulstaðahr. í Eyjafjarðars. og Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka-, Flateyjar-, Háls-, Ljósavatns-, Bárðdæla- og Skútustaðahr. í Suður-Þingeyjarsýslu ................... | 1.342 | 1 |
| Reykdæla-, Aðaldæla-, Reykja- og Tjörneshr. í Suður-Þing., Húsavík og Kelduneshr. í Norður-Þingeyjarsýslu .................. | 1.400 | 1 |
| Norður-Þingeyjarsýsla nema Kelduneshr. en ásamt Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhr. í Norður-Múlasýslu ...................... | 1.405 | 1 |
| Norður-Múlasýsla nema Skeggjastaða- og Vopnafj.hr. en með Seyðisfirði ............. | 1.387 | 1 |
| Mjóafjarðar-, Norðfjarðar-, Helgustaða- og Eskifjarðarhr. í S-Múlasýslu og Neskaupst. | 1.409 | 1 |
| Skriðdals-, Valla-, Egilsstaða-, Eiða-, Reyðarfjarðar-, Fáskrúðsfjarðar-, Búða-og Stöðvarfjarðarhr. í Suður-Múlasýslu ..... | 1.257 | 1 |
| Breiðdals-, Berunes-, Búlands- og Geithellnahr. í Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýsla ...................... | 1.221 | 1 |
| Vestur-Skaftafellssýsla og Eyjafjallahr. í Rang. ............................. | 1.221 | 1 |
| Vestmannaeyjar ...................... | 2.014 | 1 |
| Rangárvallasýsla, nema Vestur- og Austur-Eyjafjallahr. ........................ | 1.435 | 1 |
| Gaulverjabæjar-, Stokkseyrar-, Eyrarbakka-, Sandvíkur- og Selfosshr. í Árnessýslu ... | 1.410 | 1 |
| Hraungerðis-, Villingaholts-, Skeiða-, Gnúpverja-, Hrunamanna-, Biskupstungna-, Laugardals-, Grímsnes-, Þingvalla-og Grafningshr. í Árnessýslu .............. | 1.333 | 1 |
| Samtals | 82.481 | 52 |

IV

Skipting tvímenningskjördæma í einmenningskjördæmi:

| | Kjósendatala 1949 |
|---|---|
| **Skagafjarðarsýsla** | |
| 1. Vestan Héraðsvatna (Skefilsst.-Lýtingsst.hr.) | 1.163 |
| 2. Austan - " - (Akra - Holts hr.)...... | 1.057 |
| | 2.220 |
| **Eyjafjarðarsýsla** | |
| 1. Útfjörðurinn (Grímseyjar-, Árskógshr. ásamt Ólafsfirði) ..................... | 1.613 |
| 2. Innfjörðurinn (Arnarneshr. Öngulsst.hr.) . | 1.491 |
| | 3.104 |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Kjósendatala 1949 |
|---|---|---|
| **Norður-Múlasýsla** | | |
| 1. | Norðan Jökulsár (Skeggjast.-Jökuldals hr.) .. | 721 |
| 2. | Sunnan - " - (Fljótsdals-Seyðisfjarðar hr.) | 735 |
| | | 1.456 |
| **Suður-Múlasýsla** | | |
| 1. | Neskaupstaður og nágrenni, sem eru Mjóafjarðar-, Norðfjarðar-, Helgustaðar-, Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhreppur ......... | 1.704 |
| 2. | Hinn hluti sýslunnar ..................... | 1.430 |
| | | 3.134 |
| **Rangárvallasýsla** | | |
| 1. | Sjávarhreppar (Eyjafjalla-, Landeyja- og Djúpárhr.) .............................. | 813 |
| 2. | Innsveitir ............................... | 954 |
| | | 1.767 |
| **Árnessýsla** | | |
| 1. | "Flóinn" þ.e. Gaulverjabæjar-, Stokkseyrar-, Eyrarbakka-, Sandvíkur-, Selfoss-, Hraungerðis- og Villingaholtshr. ............... | 1.690 |
| 2. | Hinn hluti sýslunnar ..................... | 1.542 |
| | | 3.232 |

18./9. 1952.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur